

Frumvarp til laga

um

breyting á lögum nr. 17, 3. okt. 1903, um aðra skipun á æðstu umboðs-
stjórn Íslands.

(Lagt fyrir alþingi 1915).

1. gr.

Ráðherrar skulu vera tveir. Akveður konungur starfsvið þeirra.

2. gr.

Ráðherrar hafa 8000 kr. í árslaun. Auk þess skal annar ráðherranna hafa leigulausan bústað og 2000 kr. í risnufje á ári.

Kostnaður af embættisferðum ráðherra til Kaupmannahafnar, og dvöl þar, greiðist úr landssjóði.

3. gr.

Í stjórnarráðinu skulu vera 3 skrifstofur, og veitir konungur skrifstofu-
stjóraembættin. Skrifstofustjórar hafa 3500 kr. í árslaun.

Til aðstoðar og skrifstofukostnaðar veitist fje á fjárlögum.

4. gr.

Þá er lög þessi koma til framkvæmdar, legst landritaraembættið niður.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1916.

Athugasemdir við frumvarp þetta.

Frá því að sjerstakt stjórnarráð handa Íslandi var sett á stofn, sjá kgs-
úrsk. 14. júlí 1874, og þar til nú, hefir aðeins einn maður átt að standa fyrir
allri æðstu stjórn landsins. Þó að þessi skipun kunni að hafa verið sæmileg

i öndverðu, er hún það trauðla lengur. Störf þau, er undir stjórnarráðið heyra, eru svo margvísleg, að enginn einn maður er til hlitar fær um að leysa þau vel af hendi. Í stjórnarráðinu sameinast allar greinar framkvæmdarvaldsins, dómsmál, kirkjumál, kenslumál, fjármálefni öll, þar á meðal hin umboðslega endurskoðun, eftirlit með öllum embættis- og sýslunarmönnum landsins, atvinnumál, svo sem landbúnaðarmálefni, samgöngar, símamál, póstmál, siglingar, verslun, iðnaður, fiskiveiðar, vegamál, sýslu- og sveitarstjórnarmál, eftirlit og umsjón fasteigna landsins o. s. frv., o. s. frv. Einn maður getur eigi kynt sjer þessi mál öll eins og æskilegt væri. Hjer við bætist það auðvitað, að þingið ætlast til þess og þjóðin einnig, að stjórnin eigi frumkvæði til endurbóta á löggjöf landsins milli þinga, og leggi árangur þeirra starfa undir þingið. Og er slíkt eigi nema sanngjarnt og sjálfsagt, ef stjórn landsins er svo fyrir komið, að þess sje kostur.

Menn hafa fundið til þess, að eigi væri heppilegt skipulag að hafa að eins einn ráðherra. Auk þess, sem áður hefir verið tekið fram, ber ennfremur það til þess, að það sýnist fullmikið að leggja alla stjórn landsins í hendur eins einasta manns. Það er og ábyrgðarmeira fyrir hann að stjórna landinu einn án þess að hafa nokkurn mann með stjórnskipulegri ábyrgð til þess að bera sig saman við, enda líkur til, að ýmislegt yrði betur ráðið, ef tveir fullábyrgir menn starfa að því, heldur en ef það er falið að eins einum manni. Loks má geta þess, að stjórnin er styrkari gagnvart öðrum embættismönnum landsins, ef tveir menn skipa hana heldur en ef að eins einn er ráðherra.

Kostnaðarauki af þessu fyrirkomulagi, sem hjer er farið fram á, mundi litill eða alls enginn verða frá því sem nú er. Jafnskjótt sem stjórnarskrár-breyting sú, sem samþykkt var á alþingi 1913 og 1914, er komin til framkvæmdar og lagafrumvarp um afnám ráðherraeftirlauna frá þinginu 1914 hefir hlotið staðfestingu, hverfa ráðherraeftirlaun framvegis. Og þarf því eigi að óttast eftirlaunabyrði úr þeirri átt. Samkvæmt áðurnefndu stjórnskipunarlagafrv. og frumvarpi því, sem hjer greinir, legst landritaraembættið niður jafnskjótt sem lög um fjölgun ráðherra koma til framkvæmdar. En landritaraembættinu fylgja 6000 kr. árslaun. Mismunurinn á ráðherralaununum og landritara-laununum er því, eftir því sem hjer er farið fram á, að eins 2000 kr. á ári. Og ætti landinu því í raun og veru, er ráðherraeftirlaunin hverfa, engin útgjaldaauki að verða til frambúðar að skipulagi því, sem hjer er farið fram á. Og þótt hann yrði þessar 2000 kr. á ári, virðist eigi í þá fjárhæð horfandi, ef verulegar bætur fengjust með því ráðnar á stjórnarfari landsins, en slíkt þykir mega ætla.

Um einstakar greinar frumvarpsins athugast:

Við 1. gr.

Til þess er ætlast, að gefin verði út konungleg tilskipun um það, hvaða mál skuli hverfa undir hvorn ráðherra um sig. Þykir ófallið að telja störf hvors um sig upp í lögunum.

Við 2. gr.

Svo er til ætlast, að annar ráðherra verði forseti ráðuneytisins og hafi því á hendi fyrirvar og risnu. Því er ætlast til, að hann hafi ráðherrabústaðinn og risnufje, eins og ráðherra hefir nú.

Ferðir til Kaupmannahafnar hlýtur annarhvor ráðherra að fara, svo sem ráðherra nú. Hvor geri það hlýtur að fara nokkuð eftir atvikum, en að jafnaði er gert ráð fyrir því, að stjórnarforsetinn hafi það starf á hendi.

Við 3. gr.

Breytir ekkert núverandi skipulagi, sbr. l. nr. 17, 3. okt. 1903, 1. og 4. gr.

Við 4. gr.

Er afleiðing ákvæðanna í 1. gr., sbr. 1. gr. stjórnskipunarlaganna 1915.

Við 5. gr.

Rjettast þykir að lögin komi til framkvæmdar um næstu áramót.
